

## **9. fundur atvinnumálanefndar Skaftárhrepps, kjörtímabilið 2014 – 2018, haldinn þann 15. september 2017, kl. 20:00, á Kirkjubæjarstofu.**

### **Mættir undirritaðir fulltrúar nefndarinnar.**

Á fundinn mættu undirritaðir fundarmenn. Þuríður Benediksdóttir boðaði forföll og í hennar stað mætti Gústaf Pálsson.

Einnig mættu á fundinn Eirný Valsdóttir, verkefnisstjóri Skaftárhrepps til framtíðar og Þorbjörg Jónsdóttir, verkefnisstjóri Friða og frumkrafta.

### **Dagskrá:**

#### **1) Skaftárhreppur til framtíðar – Staða verkefnisins – Eirný Valsdóttir, verkefnisstjóri.**

Verkefnið hófst árið 2013 og gengur hægt en örugglega. Fjarskipti, þrífösun, vegamál og málefni ríkisjarða eru helstu málín. Fjarskipti komin af stað. Skortur á heilsárstörfum árið 2013 eru ekki lengur til staðar. Eirný, ásamt sveitarstjóra, eru að fara á fund í mars í fjármálaráðuneyti vegna ríkisjarða og ábúð þeirra. Í starfsmarkmiðum er einnig samstarf vegna umhverfismála við jarðvang og þjóðgarð auk menningarmála. Eirný talar um að henni vanti bakland eftir að atvinnuráðgjöf á Suðurlandi var breytt. frá SASS. Samningur um verkefnið lýkur í lok árs 2017 og ekki ljóst hvað taki.

Þar sem ljóst er að verkefnum verður alls ekki lokið í lok árs, leggur atvinnumálanefnd mikla áherslu á að verkefnið haldi áfram. Niðurstaða þarf að komast í framhald verkefnisins og er atvinnumálanefnd tilbúin að gera það sem hún getur í því máli, feli sveitarstjórn henni það.

#### **2) Friður og frumkraftar – Kynning á stöðu mála og framtíð klasans – Þorbjörg Jónsdóttir, verkefnisstjóri.**

Fyrir liggur að sameina eigi Frið og frumkrafta og Kötlu jarðvang. Áhersla er lögð á að eftir sameininguna sé grunnskilyrði að starfmaður verði með tryggt starf og starfsstöð í Skaftárhreppi. Áætlað er að sameiningu verði lokið í lok árs 2017.

#### **3) Óskráð og ólögleg atvinnustarfsemi í Skaftárhreppi.**

Atvinnumálanefnd fer þess á leit við sveitarstjórn að veita nefndinni umboð til að vinna að kortlagningu og sporna við óskráðri/ólöglegri atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu í samstarfi við skipulags og byggingafulltrúa.

#### **4) Önnur mál.**

Fjölbreytt umræða um fullvinnslu matvæla úr héraði.

**Fleira ekki gert, fundargerð lesin yfir og samþykkt. Fundi slitið kl. 22:25.**

**Þorsteinn M. Kristinsson (sign)**

**Sveinn Hreiðar Jensson (sign)**

**Auður Eypórsdóttir (sign)**

**Gunnar Pétur Sigmarsson (sign)**

**Gústaf Pálsson (sign)**